

Frá félagi kennara á eftirlaunum:

Til þings KÍ 14.-15. mars 2005

kynning á starfsemi FKE

Starfsárið 2004

1. **Stjórn félagsins** er skipuð fimm aðalmönnum og tveim varamönnum. Formaðurinn er kjörinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir aðalstjórn með sér verkum og varamenn sækja alla stjórnarfundir og taka fullan þátt í verkefnum stjórnar. Aðalfundur félagsins er haldinn í maí samkvæmt lögum og þá urðu nokkur mannaskipti eins og hér sést:

Til 8. maí 2004:

Ólafur Haukur Árnason, formaður,
Hörður Zophaníasson, varaformaður,
Ólöf H. Pétursdóttir, ritari,
Hermann Guðmundsson, gjaldkeri,
Sveinn Kristjánsson, skjalavörður,
Auður Eiríksdóttir, varamaður,
Bryndís Steinþórsdóttir, varamaður.

Frá 8. maí 2004

Gísli Ólafur Pétursson, formaður,
Hörður Zophaníasson, varaformaður,
Bryndís Steinþórsdóttir, ritari,
Hermann Guðmundsson, gjaldkeri,
Jóna Sveinsdóttir, skjalavörður,
Birna Frímansdóttir, varamaður,
Margrét Schram, varamaður.

2. Starfsemi á árinu 2004

- 2.1. **Fræðslu- og skemmtifundir.** Þeir eru haldnir fyrsta laugardag í vetrarmánuðunum nema í janúar. Þeim er vel lýst í skýrslu Ólafs Hauks Árnasonar til aðalfundarins þann 8. maí 2004. Þar sagði hann: *Skemmti- og fræðslufundir, ... Allir voru þeir með þeim hefðbundna hætti sem þið þekkið öll: Spiluð félagsvist, drukkið veislukaffi og síðan hlýtt á fyrirlestur, frásögn eða upplestur.* Þrír fundir voru á vorinu og á haustinu munu þeir verða fjórir eða alls sjö á árinu. Maífundurinn var jafnframt aðalfundur. Þá mættu 54 félagsmenn. Á hina fundina mættu allt að 45 manns.
- 2.2. **Fundur um kjaramál** þann 25. febrúar. Í aðdraganda kjarasamninga grunnskólakennara var í samráði við stjórnir grunnskólakennara og framhaldsskólakennara afráðið að efna til opins fundar með félagsmönnum þar sem farið yrði í stuttu máli yfir viðmiðanir eftirlauna frá LSR og mönnum gefinn kostur á að reifa atriði sem þeim væru torskilin eða/og teldu að betur mættu fara og úr þyrfti að bæta fyrir þá sjálfa eða aðra. Í fundargerð þess fundar segir: *Frummælendur voru Eiríkur Jónsson, formaður KÍ, Elna Katrín Jónsdóttir formaður framhaldsskólakennara og Finnþogi Sigurðsson, formaður grunnskólakennara. Gerðu þau öll góða grein fyrir lífeyrismálum eftirlaunakennara og hvöttu menn til að halda vöku sinni og sjá til þess að þeir dragjust ekki aftur úr öðrum opinberum starfsmönnum hvað laun varðar. Á þann fund komu 29 félagsmenn.*
- 2.3. **Fundur á Akureyri** 15. maí 2004. Um hann segir í inngangi fundargerðar: *Fundur var haldinn í Fiðlaranum á þakinu á Akureyri. 50 skráðu sig í*

fundarbók. Þetta var kynningarfundur um starfsemi FKE og fulltrúi LSR kom einnig á fundinn og skýrði samhengi eftirmannsreglu-eftirlauna við annars vegar kjarasamninga og hins vegar framkvæmd kjarasamninga úti í skólunum. Hvort tveggja hefur áhrif á upphæð þeirra eftirlauna sem eftirmannsreglan skilar. Þetta var fyrsti fundur félagsins sem haldinn var á Akureyri. Í kjölfar hans var síðan skipulögð sumarferð frá Akureyri sem farin var í ágúst.

2.4. Hópastarfsemi er án þátttökukostnaðar fyrir félagsmenn. Leiðbeinendur og kennarar á þessum vettvangi koma úr röðum stjórnarmanna sem hafa unnið án endurgjalds.

2.4.1. **Bókmenntahópur** kemur til jafnaðar saman tvisvar í mánuði í kjallarasal Kennarahússins. Fjallað var um bókmenntir í fjörugum umræðum og rithöfundar komu í heimsókn. Hópurinn fór á bókmenntaslóðir í Reykjavík. Nokkur snurða hljóp á tímaþráðinn í verkfalli grunnskólakennara en leysti Fjölbrautaskólinn í Ármúla elskulega úr vandræðunum og lét félaginu í té húsnæði á meðan á verkfallinu stóð.

2.4.2. **Skákhópurinn** trosnaði nokkuð við verkfall grunnskólakennara en menn hafa tekið þátt í starfsemi annars staðar og haldið því áfram.

2.4.3. **Söng æfir EKKÓ**, Eftirlaunakennarakórinn, í sal KHÍ sem liðsinnt hefur félaginu í þessu efni af frábærum höfðingsskap. Æfingar fara fram alla fimmtudaga kl. 17.

2.4.4. **Tölvustarf** fer fram vikulega í tölvustofum Fjölbrautaskólans við Ármúla. FKE er afar þakklátt fyrir frábært liðsinni skólans við þessa starfsemi félagsins.

2.5. **Árshátíð** var haldin í mars og gestir voru yfir 100 talsins.

2.6. **Aðalfundur** er auglýstur sérstaklega og fer fram í lok fræðslu- og skemmtifundar sem auglýstur er í maímánuði.

2.7. **Sumarferðir** hafa verið farnar á vegum félagsins næstliðin áratug - eða allt frá árinu 1994. Tómas Einarsson, kennari og fararstjóri, var þá stjórnarmaður og átti úrslitapáttinn í því að hrinda sumarferðum í framkvæmd. Hann hefur síðan verið leiðsögumaður og fararstjóri í öllum sumarferðum frá Reykjavík. **Ellefta sumarferðin frá Reykjavík** var farin í sumar með 110 manns. Í sumar var einnig farin **fyrsta sumarferðin frá Akureyri** með 22.

2.8. **NPT - árleg samnorræn þing kennara á eftirlaunum** eru haldin á Norðurlöndunum til skiptis. Á árinu 2003 var mótið haldið á Íslandi en árið 2004 í Danmörku. Til þess fóru átta félagar FKE. Afar nytsamt er að halda sambandi við norrænu systurfélögin og fylgjast með starfsemi þeirra og viðhorfum til þess verkefnis að vera vettvangur fyrir kennara á eftirlaunum.

2.9. **Stjórnaráð FKE** samanstendur af öllum virkum eldri stjórnarmönnum félagsins. Fyrsti fundur þess var haldinn 19. október 2004 og er gert ráð fyrir að það hittist ekki sjaldnar en árlega. Á fundinn komu 25 manns sem jafnframt er sá hópur sem virkastur hefur verið í starfsemi félagsins og hefur á vettvangi þess leyst úr mörgum málum.

2.10. **Stjórnarfundir** í tuttugu og fimm ára sögu félagsins hafa að meðaltali verið tíu á ári. Bókfærðir stjórnarfundir á árinu 2004 voru 10.

- 2.11. **FKE-fréttir** - 6 tölublöð voru send út á árinu 2004. Síðasta tölublaðið var sent út í verkfalli grunnskólakennara og var meginmarkmið þess að leggja baráttu þeirra lið með því að fylgja eftir litlum styrk sem FKE lagði í verkfallssjóð grunnskólakennara.
- 2.12. **Upplýsingavefur FKE** var settur upp í maí 2004. Þar er rakin saga félagsins eftir fundargerðum og gögnum félagsins og skráð merk atriði úr öllum fundargerðum allt frá fyrsta fundi undirbúningsnefndarinnar um stofnun félagsins í byrjun ársins 1980. Þar eru viðfangsefni félagsins kynnt og birtar myndir frá viðburðum sem það stendur fyrir.

Áætlun um starfið árið 2005

3. **Hefðbundin starfsemi** verður eins og áður. Fræðslu- og skemmtifundir og aðalfundur. Árshátíðin var haldin 4. mars og hún var jafnframt 25-ára afmæli félagsins. Þangað komu liðlega 100 manns. Í júní 2005 verður NPT-mót í Kiruna í Svíþjóð. Áfram verður starfað í hópum og fjallað um bókmenntir, æður söngur, tefld skák og starfað við tölvur. Ennfremur verða farnar sumarferðir frá Reykjavík og frá Akureyri og athugað með áhuga félagsmanna fyrir fleiri ferðum. FKE-fréttir munu áfram koma út og berast félagsmönnum.
4. **Upplýsingavefur FKE** verður áfram uppfærður reglulega. Margir félagsmenn notfæra sér vefinn, sækja þangað upplýsingar, rifja upp sögu félagsins og skoða myndir frá atburðum þess. Á póstlista félagsins eru nú nærri 100.
5. **Aukin fjöldi félagsmanna kallar á aukin umsvif hjá félaginu.** Allir félagsmenn aðildarféлага Kennarasambands Íslands eiga félagsrétt þegar þeir fara á eftirlaun. Skráðir félagsmenn eru 1650 talsins og hefur fjöldinn um það bil fjórfaldast á undangengnum þremur árum. Enþá fjölgar þeim hraðar en þeim fækkar.
6. **Aðildarfélög KÍ kynni félagsmönnum sínum FKE.** Erfitt getur reynst að ná til sumra einstaklinga sem komnir eru á eftirlaun og eiga rétt til aðildar að félaginu. Það á einkum við starfsmenn sveitarféлага svo sem þá sem unnu við leikskóla eða tónlistarskóla. Lífeyrissjóður sveitarfélaganna hefur ekki tök á að segja til um úr hvaða starfi menn fóru á eftirlaun. Það er því mikilvægt að stéttarfélag einstaklinganna sendi sífellt litla áminningu eða frétt til að ná athygli þeirra og vísa þeim þannig veginn til þátttöku í starfi félagsins. Það er mörgum mikið áfall að fara á eftirlaun og fólk getur hratt fallið niður í depurð og drunga. Það er því mikilvægt að menn viti af félaginu og umfram allt að þeim finnist að þar sé aðlaðandi kostur.
7. **Hvert er ásættanlegt þjónustustig félagsins?** Félagmenn eru á aldrinum frá 60 til 100 og eru vissulega minna virkir þegar árin verða fleiri. Nú nær þjónusta félagsins til allra félagsmanna með FKE-fréttum sem eru mikilvægar sem kveðju til félagsmanna sem gjarnan vildu vera með og þykir vænt um að þeir gleymast ekki. Á fundi og í ferðir félagsins má áætla að um 15 % félagsmanna komi einu sinni eða oftár á hverju ári til þess að taka þátt í starfseminni. Sífellt er leitað leiða til að gera fleirum fært að taka þátt í starfi og atburðum án þess þó að vera í beinni samkeppni við önnur samtök sem starfa á sama vettvangi.
8. **Öðruvísi félag.** Félag kennara á eftirlaunum er frábrugðið venjulegu stéttarfélagi að ýmsu leyti og alveg sérstaklega þegar til þess er litið að menn ganga ekki úr

því. Menntu eru bornir úr því. Þetta eðli félagsins hefur reynst styðja marga kennara sem fara á eftirlaun í þeirri trú að í *Félagi kennara á eftirlaunum* séum við öll á grafarbakkanum og það sé alls ekki kominn tími til þess fyrir þá að taka sér sæti á þeim bakka. Þetta breytist að sjálfsögðu þegar þeir taka þátt í starfsemi en oft gerðist það fyrst fyrir einhverja tilviljun. Þess vegna hafa stjórnir félagsins frá öndverðu lagt áherslu á að vekja athygli á starfsemi, kynna hana og reyna að koma boðskapnum til sem flestra. Markmiðið er að liðsinna félagsmönnum við að fylgjast með kjörum sínum en þó enn fremur að vera þeim vettvangur fyrir samskipti við fyrri starfssystkini, styrkja þá við þá miklu breytingu sem á högum þeirra verður við að hverfa frá ævistarfi sínu og setjast í hinn svokallaða *helga stein* og að efla með þeim sjálfstraust, bjartsýni og gleði - sem afar oft er veruleg þörf á.

9. **Óskað er eftir auknu rekstrarfé til að mæta fjölgun félagsmanna.** Svo sem áður sagði eru skráðir félagsmenn nú 1.650 og bara í Reykjavík fóru um 30 grunnskólakennarar á eftirlaun nú í vetur. Margir þeirra eiga eftir að bætast í skrána. Félagmenn búa út um allt land og það kostar bæði fé og vinnu að ná til þeirra sem eru á skrá og ekki síður til hinna sem eiga rétt til aðildar en vita ekki af því. Nýjar aðstæður krefjast nýrra aðferða og félagið verður ávalt að leitast við að vera félagsmönnum aðlaðandi kostur. Til að standa straum af óhjákvæmilega auknum kostnaði hefur stjórn félagsins ákveðið að óska eftir því við þingið að rekstrarféð verði *tvöfaldað*. Með því móti getur félagið haldið úti upplýsinga- og fréttavef sínum, FKE-vefnum, og greitt fyrir störf í þágu félagsins sem samanlagt mundu nema greiðslu fyrir hlutastarf. Auk þess að sinna hinum auknu umsvifum vegna hinnar miklu fjölgunar félagsmanna mundi þá vera unnt að halda úti virku samstarfi við önnur félagasamtök í svipuðum verkefnum og leggja þar lið í baráttunni fyrir framgangi sameiginlegra hagsmunamála.

14. mars 2005,

formaður FKE,

Gísli Ólafur Pétursson